

# Tillaga.

Fundur í Umhverfis- og framkvæmdaráði 15.4.2024 samþykkir að beina því til Vegagerðar Íslands að setja upp, eins fljótt og við verður komið, síritandi veðurstöð innst í Eyvindardal til að safna veðurgögnum til samanburðar við samtíma veðurgögn af Fagradal.

Verkefnið er til þess fallið að kanna fýsileik þess að byggja göng undir Eskifjarðarheiði með það að markmiði að stytta leiðir og bæta öryggi vegfarenda, minnka kolefnasporið og ekki síst vegna þeirra er þurfa að nýta þjónustu HSA í Neskaupstað.

## **Greinagerð:**

*Oft hefur það borið við að Fagradalsbraut um Fagradal hefur verið lokuð um lengri eða skemmri tíma. Ástæðan er óveður, snjóflóð og aurskriður. Í ágúst 2001 féllu skriður úr Hólmatindi og lokuðu leiðinni fyrir íbúa Eskifjarðar og Norðfjarðar að komast leiðar sinnar. Snjóflóð hafa einnig fallið úr Hólmatindi. HSA í Neskaupstað var úr leik er varðar þorra Austfirðinga þann tíma. Þetta er því miður ekki einsdæmi.*

*Alvarlegasti hluturinn er þó að HSA hefur ekki tekist að fá fjármögnun í tækjakosti til bráðagreiningar á heilsugæslunni á Egilsstöðum eins og Berglind Harpa Svavarsdóttir hefur lagt til á Alþingi, 147. mál, þingsályktunartillaga 153. löggjafarþing 2022–2023 (fylgiskj. 1). Það kallar því á aðrar lausnir til að allir Austfirðingar hafi jafna aðkomu að lögbodinni þjónustu í almannabágu.*

*Með jarðgöngum undir Eskifjarðarheiði styttest leiðir umtalsvert og kolefnaspor minnkar bæði vegna styttingar og einnig að þurfa ekki að aka upp undir fjögurhundruð metra y.s. Stytting yrði hagstæðust fyrir Eskfirðinga, sem mundu komast á tuttugu mínútum upp á Hérað og Norðfirðinga að aka í fjörutíu mínútur til að nýta sér flug innanlands og utan.*

*Nánast sama vegalengdin er frá Egilsstöðum að Fjarðaáli hvort heldur farið yrði um þau Eskifjarðargöng eða farin Fagradalsbrautin um Fagradal. Fyrir Reyðfirðinga og þá sem á Suðurfirðum búa, er þetta kjörin leið, þegar válynd veður herja á Fagradal.*

*Jarðgöngin yrðu um átta kílómetra löng og oftar hægt að komast þá leið með minna tilstandi en að halda Fagradalsbrautinni opinni. Tillagan er um sértæka könnun og er ekki á nokkurn hátt ætlað að fara fram fyrir aðrar samþykktir um jarðgangagerð á Austurlandi.*

*Benedikt V Warén*